



## **Reglur Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps um félagslega heimaþjónustu.**

(Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps er sameiginleg félagsþjónusta sveitarfélaganna, Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar)

### **I. Kafli.**

#### **Markmið, hlutverk og skipulag**

##### **1.gr**

##### **Markmið og hlutverk**

Í VII. Kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga er fjallað um félagslega heimaþjónustu. Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að einstaklingar séu eflir til sjálfshjálpar og þeim sé gert kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður. Við framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hvetja þjónustuþega til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum og virða sjálfsákvörðunarrétt hans.

##### **2.gr**

##### **Hlutverk**

Félagsleg heimaþjónusta samræmist lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Heimaþjónusta er margvísleg aðstoð við heimili, fjölskyldur og einstaklinga og tekur til eftirfarandi þátta:

- Aðstoð við heimilishald
- Félagslegur stuðningur
- Aðstoð við persónulega umhirðu sem ekki er í verkahring heimahjúkrunar
- Tilsjón og aðstoð vegna umönnunar barna og unglinga þegar um erfiðar fjölskylduaðstæður er að ræða sbr. 24.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002
- Heimsending matar

Leitast er við að koma til móts við þarfir hvers og eins.

##### **3.gr.**

##### **Réttur til félagslegrar heimaþjónustu**

Þeir sem eiga rétt á félagslegri heimaþjónustu þurfa að eiga lögheimili í Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi eða Árneshreppi og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Ef umsækjandi býr ekki einn, skal félagsleg heimaþjónusta aðeins veitt ef aðrir heimilismenn eru í þörf fyrir hana eða skv. sérstöku mati ef um mikil tímabundin veikindi/slys er að ræða og/eða í barnaverndarmálum sem unnin eru skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Að öllu jöfnu er ekki veitt félagsleg heimaþjónusta til einstaklings sem deilir heimili með öðrum fullorðnum einstaklingi sem á ekki við veikindi að stríða. Velferðarnefnd getur gert undanþágu frá þessu þegar sérstakar ástæður knýja á um þörf að slíku að fengnu álit þjónustuhóps aldraðra.

Við þjónustuveitingu skal taka tillit til jafnréttisáætlunar sveitarfélaganna og veita skal þjónustuna óháð kyni.

#### 4.gr.

### Stjórn og yfirumsjón

Velferðarnefnd fer skv. lögum nr. 40/1997 um félagsþjónustu sveitarfélaga með yfirumsjón með félagslegri heimaþjónustu á vegum félagsþjónustu Strandabyggðar og Reykhólahrepps en daglegur rekstur og utanumhald um félagslega heimaþjónustu er í höndum starfsmanns félagsþjónustu Strandabyggðar og Reykhólahrepps í umboði nefndarinnar. Skrifstofa félagsþjónustunnar er á Hólmavík.

## II. kafli

### Framkvæmd þjónustunnar

#### 5.gr

#### Umsóknir

Þeir sem telja sig eiga rétt á félagslegri heimaþjónustu skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum sem eru á heimasíðu Strandabyggðar og Reykhólahrepps. Einnig liggja frammi umsóknareyðublöð á skrifstofu Félagsmálastjóra á Hólmavík. Með umsókn skal fylgja afrit af skattframtali ásamt útprentun úr staðgreiðsluskrá ásamt launaseðli síðasta mánaðar. Ef sótt er um heimaþjónustu vegna skertrar getu einstaklings sökum veikinda skal læknisvottorð fylgja umsókn.

Umsækjandi getur veitt þriðja aðila skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd. Við endurnýjun umsóknar getur starfsmaður félagsþjónustunnar aflað ofangreindra gagna hjá sérfræðingum eða Tryggingastofnun með samþykki umsækjanda.

#### 6.gr.

#### Forgangsröðun umsókna

Umsóknum er forgangsraðað með hliðsjón af viðmiðum um forgangsröðun í heimaþjónustu (sjá fylgiskjal 1).

#### 7.gr.

#### Mat á þjónustuþörf

Mat á þjónustuþörf fer fram í samráði við umsækjanda eins fljótt og hægt er eftir að umsókn berst. Aðstæður eru kannaðar og tekið er sérstakt tillit til færni umsækjanda til að sinna athöfnum daglegs lífs, félagslegrar stöðu, fjölskylduaðstæðna og sjónarmiða hans.

#### 8.gr.

#### Þjónustusamningur

Þjónustusamningur er gerður við þjónustuþega þar sem kemur fram hvaða þjónusta verður veitt, umfang hennar og skipulag. Lögð er áhersla á samstarf við aðra sem veita þjónustuþega þjónustu.

Þjónustusamningur er ótímabundinn og aðstæður og þjónustuþörf endurmetið eftir þörfum.

Þær aðstæður geta komið upp í starfsmannahaldi að um verði að ræða tímabundna röskun á framkvæmd þjónustu. Starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu láta þjónustuþega vita eins fljótt og auðið er um slíkar breytingar.

#### 9.gr.

#### Skilgreining á þjónustu

**Aðstoð við heimilishald;** er veitt þeim sem ekki geta sinnt heimilishaldi án aðstoðar, vegna hreyfihömlunar, veikinda, skertrar færni eða skertrar andlegrar getu. Í þessu felst aðstoð eins og að hafa til mat, aðstoð við innkaup, aðstoð við þvotta og almenn heimilisþrif. Miðað er við þrif á rýmum sem eru í daglegri notkun s.s. í eldhúsi, baðherbergi, forstofu, svefnherbergi, stofu, borðstofu og göngum. Um er að ræða aðstoð við að þurrka af, moppa, ryksuga, skúra, rúmfataskipti, aðstoð með þvott og frágang á þvotti.

Ekki er veitt aðstoð við stórhreingerningar, þrif á sameign í fjölbýlishúsum, þrif utandyra, snjómokstur eða þvott á gluggatjöldum.

Heimilisþrif eru almennt framkvæmd aðra hverja viku nema sérstakar aðstæður kalli á annað. Gert er ráð fyrir að þjónustuþegi og aðrir heimilismenn taki þátt í heimilisþrifum eftir bestu getu.

Gert er ráð fyrir að þjónustuvegi fari með starfsmanni í innkaupaferðir nema að hann geti það ekki sökum skertrar færni. Tryggt skal að meðferð fjármuna sé skráð og kvittanir fyrir innkaupum afhentar í lok innkaupaferðar.

Starfsmönnum er hvorki heimilt að kaupa áfengi né tóbak fyrir þjónustuvega.

**Félagslegur stuðningur;** felur í sér samveru með þjónustuvega, markvissum stuðningi, hvatningu og örvun.

**Persónuleg umhirða;** er veitt þeim sem þurfa aðstoð við að klæðast eða matast.

**Tilsjón og aðstoð vegna barna og unglinga;** er veitt þegar um veikindi er að ræða eða erfðar fjölskylduaðstæður á heimilinu t.d vegna fötlunar, veikinda, slysa eða félagslegra aðstæðna.

**Heimsending matar;** í hádeginu er þessi þjónusta ætluð þeim sem geta ekki eldað sjálfir. Hægt er að fá heimsendan mat frá mötuneyti hjúkrunarheimila í þeim sveitarfélögum sem það á við. Beiðni um á þjónustu fer í gegnum skrifstofu sveitarfélaganna.

## 10.gr.

### Starfsmenn í félagslegri heimaþjónustu

Félagsþjónustan leitast við að ráða starfsmenn sem hafa til að bera hæfni, faglega þekking, reynslu og eiginleika sem nýtast í starfi. Reglur og leiðbeiningar fyrir starfsmenn eiga að vera vel kynntar bæði starfsmönnum og þjónustuvegum. Félagsmálastjóri sér um að veita ráðgjöf og stuðning í starfi.

Starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða lán frá þjónustuvegum nema um sé að ræða óverulegar gjafir. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni sé heimilt að taka við gjöf.

Ekki er gert ráð fyrir að starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu fari með fjármuni þjónustuvega. Undantekningar eru þegar um er að ræða þjónustuvega sem geta ekki séð um innkaup sjálfir vegna hreyfihömlunar, langvarandi veikinda og skertrar færni. Starfsmönnum er óheimilt að aka bílum þjónustuvega og geyma lykla að heimilum þeirra nema sérstaklega sé um það samið.

Allir starfsmenn í félagslegri heimaþjónustu skulu hafa hreint sakavottorð.

## 11.gr.

### Launakjör, vinnutími og vinnuaðstæður starfsmanna

Starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu fá greidd laun hjá viðkomandi sveitarfélagi og gilda þá samningar á milli sveitarfélagsins og viðkomandi stéttarfélags starfsmannsins. Vinnutími starfsmanna er að jafnaði á virkum dögum frá 8:00 – 16:00 og viðvera ekki lengri en 3 tímar í senn. Ef vinna er nauðsynleg eftir þann tíma þarf að fá til þess leyfi frá vinnuveitenda.

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi merkir vinnustaður það umhverfi innanhúss og utan þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um starfa sinna vegna. Þar skal gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður. Starfsmaður skal hafa aðgang að góðum hreingerningarbúnaði og ræstingarvörum svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi. Skapist þær aðstæður á heimili sem unnið er á að öryggi starfsmanns sé á einhver hátt ógnað t.d. vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Fresta getur þurft þjónustu á meðan leitað er ráðgjafar og aðstoðar við að finna lausnir við hæfi.

## 12.gr.

### Þagnarskylda

Allir opinberir starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu. Þar sem starfsmenn eru inn á heimilum fólks ber þeim að sýna virðingu og gæta þagnarmælsku um allt sem þeir sjá þar eða heyra. Um er að ræða algjöran trúnað sem helst þótt látið sé af starfi.

### **13.gr.**

#### **Vinnuskýrslur**

Starfsmenn skulu skila til Félagsþjónustunnar vinnuskýrslum árituðum af þjónustuþegi setur upphafsstafi sína við hverja heimsókn sem starfsmaður kemur í.

### **14.gr.**

#### **Akstur**

Sveitarfélagið greiðir akstur til og frá starfsstöð skv. akstursdagbók ef akstur er meiri en 5 km hvora leið. Akstur í þágu þjónustuþega er greiddur af honum sjálfum.

### **15.gr.**

#### **Gjaldskrá**

Þjónusta við félagslega heimaþjónustu skal vera greidd skv. gjaldskrá sem sveitarfélögin setja að fengnum tillögum frá Velferðarnefnd. Gjald miðast við árstekjur skv. skattframtali. Gjald er tekið fyrir aðstoð við heimilisstörf, persónulega umhirðu, erindarekstur, heimsendingu matar og akstur. Ef tímafjöldi þjónustunnar fer yfir 4 tíma á viku má sækja um lækkun gjalds. Ef um alvarleg veikindi er að ræða getur Velferðarnefnd ákveðið að lækka gjald verulega eða fella það niður óháð tekjum þjónustuþega.

## **III. Kafli**

### **Málsmeðferð, áfrýjunarákvæði og varðveisla gagna**

### **16.gr**

#### **Málsmeðferð**

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samráð við umsækjanda eftir því sem mögulegt er eða umboðsmann ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin skal umsækjandi fá sent skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd. Öllum umsóknum er svarað innan 4 vikna.

### **17.gr.**

#### **Áfrýjunarákvæði**

Umsækjandi getur áfrýjað synjun um félagslega heimaþjónustu til Velferðarnefndar Strandabyggðar og Reykhólahrepps. Skal það gert innan 4 vikna frá dagsetningu rökstuðnings synjunarinnar. Ennfremur getur umsækjandi áfrýjað ákvörðun Velferðarnefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu í Velferðarráðuneytinu sbr. 64. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

### **18. gr.**

#### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Gögn er varða persónulega hagi þjónustuþega skulu ætíð varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum þjónustuþega eða annarra í starfi sínu er þeim með öllu óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu skriflegu samþykki þjónustuþegans.

Þjónustuþegi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangist ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

### **19.gr.**

#### **Samþykkt**

Reglur þessar voru samþykktar af Velferðarnefnd þann 13. janúar 2022.

## Fylgiskjal 1

### Viðmið um forgangsörðun í heimaþjónustu.

#### Flokkur 1

Nauðsynleg þjónusta. Má ekki falla niður. Þjónusta hefst strax og hefur forgang.

Forsendur:

Þeir sem þurfa daglega á félagslegum stuðningi og hvatningu að halda.

Þeir sem þurfa daglega aðstoð við persónulega umhirðu.

Þeir sem þurfa aðstoð og eftirlit með inntöku lyfja.

Þeir sem hafa fengið samþykkt vistunarmat í hjúkrunarrými.

#### Flokkur 2

Mikilvæg þjónusta, ef þjónusta fellur niður þarf að bæta viðkomandi það upp sem allra fyrst.

Forsendur:

Þeir sem þurfa á reglulegri þjónustu að halda, en þó ekki daglega.

Þeir sem eru félagslega einangraðir.

Þeir sem þurfa eftirlit, aðstoð og mikla hvatningu við persónulega umhirðu, heimilisstörf, aðdrætti og fleira.

#### Flokkur 3

Reglubundin þjónusta. Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Ekki er æskilegt að þjónusta falli niður oftar en í tvö skipti samfellt.

Forsendur:

Þeir sem þurfa aðstoð, hvatningu og félagslegan stuðning.

Þeir sem þurfa aðstoð við heimilisþrif eingöngu.

#### Flokkur 4

Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Eingöngu þrif. Ekki er æskilegt að þjónusta falli niður oftar en í tvö skipti samfellt.

Forsendur:

Þeir sem eru félagslega vel settir og komast allra sinna ferða.

Þeir sem eingöngu þurf aðstoð við heimilisþrif.